


kvarði: 1:1000

0 10 20 30 40 50 100

## Greinargerð.

Fyrir Klettaborg er í gildi deiliskipulag ásamt greinargerð og lýsingaruppdrætti sem var samþykkt í bæjarstjórn 9. September 2002.

Síðan þá hafa eftirtaldar breytingar verið gerðar:

Árið 2004 var gerð breyting á deiliskipulaginu samkv. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997 m.s.b. Samþykkt í bæjarstjórn 15. Júní 2004.

Breytingin fólst í því að austustu húsin á lóð B, sem áformuð voru sem 2-ja hæða raðhús með samtals 9 íbúðum, urðu fjölbýlishús með samtals 16 íbúðum, þar sem íbúðir á efri hæð hafa tvær saman aðkomu um útitröppu. Við þetta óx bílastæðaþörfin um 10 stæði og samkvæmt því var gert ráð fyrir stækkun á bílastæðaplani sunnan húsanna. Byggingarreitur fyrir bílskúra þar var felldur út. Byggingarreitir sjálfra húsanna dýpkuðu úr 8 metrum í 10,5 metra. Fyrir hverja íbúð 80 m² og stærri í þessum húsum var krafa gerð um tvö bílastæði, en eitt og hálft fyrir íbúðir á stærðarbilinu 50 – 80 m².

Árið 2009 var gerð breyting á deiliskipulaginu, málsmeðferð samkv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 m.s.b. Samþykkt í Bæjarráði 16. júlí 2009.

Breytingin fólst í því að lóð Klettaborgar nr. 5 var stækkuð um 4 m til norðurs.

Deiliskipulagsbreytingar sem gerðar eru núna:

1. Klettaborg 35, lóðarstækkun um 8 m til austurs.
2. Klettaborg 41, lóðarstækkun um 5 m til norðurs.
3. Gert er ráð fyrir leikvelli á opnu svæði norðan við Klettaborg 41.
4. Uppþornaður árfarvegur sem var vestast á deiliskipulagssvæðinu er felldur út.
5. Tvær hraðahindranir til viðbótar koma á Klettaborg.
6. Lega göngustígs til austurs úr botnlangaenda syðst á svæðinu breytist.
7. Byggingarreitum á einbýlilshúsalóðum er breytt þannig að sérstök lína fyrir bílgeymslu er felld brott en byggingarreitur húss er stækkaður í þá línu.
8. Byggingarreitum á lóð A er breytt þannig að þeir fylgja mörkum útbygginga.

Þessar breytingar ásamt breytingunum frá 2004 og 2009 eru hér felldar inn í nýjan deiliskipulagsuppdrátt. Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulags-uppdráttur og lýsingaruppdráttur frá 9. september 2002.

Að öðru leiti gildir áfram greinargerðin fyrir deiliskipulag Klettaborgar frá 2002.




Deiliskipulag samþykkt 09.09. 2002
mkv 1:2000

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar

# Klettaborg

## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR BREYTTUR 2011




Mkv. 1:20.000

### SKÝRINGAR:

- Mörk deiliskipulags
- Lóðarmörk
- Bindandi byggingarlína
- 2H Byggingarreitur hæðafjöldi
- Mörk útbygginga
- Byggingarreitur/- lína bílgeymslu
- 12P Sameiginleg bílastæði, fjöldi
- Einkabílastæði, fjöldi
- Kvöð um stíg
- Gangstígur, Gata
- L Leiksvæði
- Opið svæði
- Vatnsfarvegur
- Núverandi hús
- Veggir á lóð
- 17 Húsnúmer
- 197 m² 0,25 Lóðastærðir og nýtingarhlutfall

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst

frá ____________________ til____________________

og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar þann______________2012

________________________________________
Bæjarstjóri

Auglýsing um deiliskipulagið var birt í B-deild stjórnartíðinda þann __________2012


**arkitektur.is**

Hverfisgata 26 • 101 Reykjavík • sími 562 5020 • fax 562 5086
Kaupangi • 600 Akureyri • sími 462 6727 • fax 461 1507
netfang arkitektur.is@arkitektur.is http://www.arkitektur.is

| | | |
|---|---|---|
| Elín Kjartansdóttir | arkitekt | 260355 4309 |
| Gísli Jón Kristinsson | arkitekt | 261150 3369 |
| Guðmundur Gunnarsson | arkitekt | 160751 2159 |
| Guðrún F. Sigurðardóttir | arkitekt | 300566 3409 |
| Haraldur Örn Jónsson | arkitekt | 111254 3899 |
| Helga Benediktsdóttir | arkitekt | 190649 3939 |
| Kristján Garðarsson | arkitekt | 270269 5679 |
| Páll Tómasson | arkitekt | 040656 2439 |


Dags. 30. nóvember 2011